

Reykjavík, 30. nóv. 2012.

Vinir Vatnajökuls
Sturlugötu 8
101 Reykjavík

Vegna verkefnis: Jarðsaga Skaftafells og miðlun jarðfræði til gesta Þjóðgarðsins

Sæl Kristbjörg,

Um leið og ég vil þakka frábæran stuðning Vina Vatnajökuls við ofangreint verkefni fylgir hér sutt samantekt um hvernig styrknum hefur verið varið.

Ritun fræðigreina.

Í samræmi við lýsingu á verkinu hef ég ritað greinar um berggrun Þjóðgarðsins í Skaftafelli. Um tvær greinar er að ræða.

Fyrri greinin er um jarðfræði Svínafells: „STRATIGRAPHY, 40Ar-39Ar DATING AND EROSION HISTORY OF SVÍNAFELL, SE-ICELAND“, höfundar Jóhann Helgason og Robert A. Duncan. Þessi grein mun birtast í Jökli, riti Jökklarannsóknafélags Íslands, á næsta ári.

Seinni greinin fjallar um berggrunn og rofsögu Hafrafells: „MAGNETOSTRATIGRAPHY, K-AR DATING AND EROSION HISTORY OF THE HAFRAFELL VOLCANICS, SE-ICELAND“, höfundar Jóhann Helgason og Robert A. Duncan. Þessi grein er tilbúin til sendingar í vísindatímarit og verður send út fyrir lok árs.

Eintök af ofnagreiðum greinum eru í viðhengi sem pdf-skrár en þar sem greinarnar hafa ekki verið birtar og seinni greinin á enn eftir að dæmast af fræðimönnum er þess farið á leit að Vinir Vatnajökuls birti þær ekki að sinni á vefsíðu samtakanna.

Gerð vefsíðu um Skaftafell.

Ég hef látið hana vefsíðu til að kynna Skaftafell. Síðan er enn í vinnslu en mun verða virkjuð fyrir árslok 2012. Slóðin á síðuna er: (<http://178.79.189.4/skaftafell/>) og Firefox hentar vel við skoðun. Ef ekki gengur að komast inná gæti þurft notendanafn (****) og lykilorð (****). Eins og við ræddum saman fyrir nokkru er ég opinn fyrir hugmyndum um nýtingu efnis fyrir vefsíðu Vina Vatnajökuls.

Kynning á jarðfræði Skaftafells í Þjóðgarðinum.

Síðast liðið sumar, 21. Júlí, hélt ég tvo fyrirlestra um jarðsögu Skaftafells í fræðasetrinu í Skaftafelli (sjá mynd hér að neðan). Annar var haldinn fyrir erlenda ferðamenn, hinn fyrir Íslendinga.


Í kvöld 21 júlí / To night 21th of July

19:30 "Jarðfræði: Skaffafells",
fyrirlestur Jóhanns Helgasonar, jarðfræðings.

ATH: Blást má við snörpum vind-
hviðum vestan Örafajökuls í kvöld
og mikilli rigningu. Sérstaklega
varasamt getur verið fyrir húsbíla
að vera á ferðinni við Sandfell.

20:30 "The Geology of Skaffafell,"
a presentation by Jóhann Helgason,
geologist.

WARNING: Strong bursts of wind and
heavy rain is expected tonight. It can be
dangerous, especially for campers and
caravans, to travel past Sandfell (15 km
east of Skaffafell).


VATNAJÖKULSÞJÓÐGARÐUR

07 21 2012

Ef þér finnst vanta upplýsingar, vinsamlega láttu mig vita.

Með bestu kveðju,

Jóhann Helgason